

Alþingi

Erindi nr. P 118/92

komudagur 9/11 1994



Hafnarfirði, 3. nóvember 1994.

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis varðandi umsögn um frumvarp til laga um héraðsdómstól í skatta- og bókhaldsmálum.

Vakin er athygli á því að það hefur verið stefna hjá löggjafarvaldinu á undanförunum árum að afnema sérdómstóla í réttarkerfinu. Má hér nefna sjó- og verslunardóm, siglingadóm og sakadóm í ávana- og ffniefnamálum. Frumvarp til laga um héraðsdómstól í skatta- og bókhaldsmálum gengur þvert á þessa stefnu. Ekki verður af greinargerð með frumvarpinu ráðið hver rökin séu fyrir stefnubreytingu þessari. Þau rök sem tilgreind eru í greinargerð með frumvarpinu að dómsmeðferð sé seinvirk heyrta sögunni til. Með þeim umfangsmiklu réttarfarbreytingum sem urðu 1. júlí 1992 hefur orðið gjörbylting á meðferð mála fyrir dómi. Mál sem sæta opinberri málsmeðferð eiga nú greiðan aðgang í gegnum dómskerfið og þá ekki einvörðungu á héraðsdómstigi heldur einnig í hæstarétti. Svo virðist sem flestum opinberum málum sem áfrýjað hefur verið til hæstaréttar sé lokið þar 8 - 11 mánuðum eftir útgáfu ákæru. Flestum opinberum málum er lokið á héraðsdómstigi 3 - 4 mánuðum eftir útgáfu ákæru. Þessi ummæli eru byggð á athugun á málatíma dæmdra opinberra mála í hæstarétti á þessu ári, sem höfðu í héraði verið dæmd í Héraðsdómi Reykjaness.

Vandinn við að beina skattsvikamálum til dómsmeðferðar liggur fyrst og fremst í því að rannsókn mála á lögreglustigi hefur reynst tímafrek. Æskilegt væri að búa betur að Rannsóknarlögreglu ríkisins til þess að hún geti mætt því aukna álagi sem fylgir því að beina málum þessum til dómsmeðferðar.

Virðingarfyllst,

  
Ólöf Pétursdóttir  


Allsherjarnefnd Alþingis  
b.t. Sólveigar Pétursdóttur, form.  
Kirkjustræti  
150 REYKJAVÍK.